

## S A M Þ Y K K T

## um einkasíma í Ljósavatnshreppi í Suður-Þingeyjarsýslu.

## 1. gr.

Símar þeir sem þessi samþykkt nær til eru:

- a. Sími frá Fosshóli um Holtskot, Ljósavatn, Vatnsenda, Arnarstapa, Stóru-tjarnir og Litlutjarnir.
- b. Sími frá Fremstafelli í Hriflu.
- c. Sími frá Halldórsstöðum í Finnsstaði, Landamót, Landamótasel og Kross.
- d. Sími frá Þóroddsstöðum í Ófeigsstaði, um Staðarholt, Geirbjarnarstaði og Syðri-Leikskálaá.

## 2. gr.

Símar þeir sem taldir eru í 1. gr., að því leyti sem þeir eru ekki byggðir nú, skulu lagðir svo fljótt sem fé fæst til simalagningarinnar. Gerð símanna skal vera eftir tillögum landssímastjóra.

## 3. gr.

Ábúendur á jörðum þeim, sem nefndar eru í 1. gr. og símalínurnar ná til, ganga í simafélag er nefnist „Einkasimafélag Ljósvetninga“.

## 4. gr.

Afgreiðsla og viðhald á simatækjum sínum, svo og viðhald og aðgerðir á símalínunum, kostar hver búandi á einkasímasvæðinu, á þeirri símalínu, er hann hefir lagt heim að bæ sínum og kostað upphaflega fé til, samkvæmt simalögum nr. 11, 14. júní 1929. Þó má með fundarsamþykkt jafna slíkum kostnaði öðru vísi á félagsmenn, ef sérstök ástæða þykir til, svo sem, ef viðhaldskostnaður, sá er hér um ræðir, þykir verða óvenjulega mikill vegna einhverra sérstakra orsaka hjá einum félagsmanni frekar en öðrum.

## 5. gr.

Félagið skal á ári hverju halda einn aðalfund síðla vetrar. Á þeim fundi er gengið verður frá samþykkt þessari til fullnustu, skal kosin þriggja manna stjórn fyrir félagið til 3 ára, og gengur einn maður úr stjórninni á hverju ári, fyrstu 2 árin eftir hlutkesti. Kýs aðalfundur mann í stað þess er úr gengur.

Á aðalfundi skulu rædd félagsmál, kosinn endurskoðandi, úrskurðaðir reikningar félagsins, er stjórnin semur fyrir næsta ár á undan o. s. frv.

Afrit af ársreikningi skal ætíð sent landssímastjóra.

## 6. gr.

Nú fjölgar einkasímanotendum í hreppnum. Ganga þá hinir nýju símanotendur inn í „Einkasimafélag Ljósvetninga“ og hlýta að öllu leyti þeim sam-

þykktum, er þar gilda. Hið sama gildir og ef ábúendaskipti verða á jörðum þeim, sem hafa einkasíma heim til sín. Gengur hinn nýi ábúandi inn í réttindi fráfarandi búanda og undirgengst jafnframt skyldur þær, er á honum hvíla samkvæmt samþykktum félagsins. **112** 17. nóv.

## 7. gr.

Sveitarstjórn Ljósavatnshrepps og sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu ábyrgjast starfrækslu einkasímans eftir því sem landssímastjóri mælir fyrir um, og að línunum sé að öllu leyti vel við haldið.

## 8. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 200 kr., er renna í sveitarsjóð Ljósavatnshrepps.

## 9. gr.

Breyta má samþykkt þessari samkvæmt síðustu málsgrein 4. gr. laga um einkasíma í sveitum frá 14. júní 1929.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 11 14. júní 1929, um einkasíma í sveitum, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 17. nóvember 1933.*

**Magnús Guðmundsson.**

*Vigfús Einarsson.*

## S A M Þ Y K K T

**um lokunartíma rakarastofa og hárgreiðslustofa í Reykjavík.**

**113**  
18. nóv.

## 1. gr.

Rakarastofum og hárgreiðslustofum í Reykjavík skal loka eftir því, sem ákveðið er í 2. og 3. grein samþykktar þessarar.

## 2. gr.

Alla virka daga árs skal rakarastofum og hárgreiðslustofum lokað ekki síðar en kl. 7 síðdegis, nema á laugardögum og miðvikudaginn fyrir sumardaginn fyrsta og uppstigningardag kl. 8 síðdegis. Stofurnar skulu ekki opnaðar aftur fyrr en kl. 8½ árdegis næsta virkan dag. Þó skulu vera þær undantekningar frá þessu, er nú greinir:

Aðfangadag jóla og gamlárskvöld skal stofunum lokað ekki síðar en kl. 4½ síðdegis og laugardaginn fyrir páska og hvítasunnu ekki síðar en kl. 6 síðdegis.